



HRUNAMANNAHREPPUR

44. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 10. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 5. OKTÓBER 2021

KL. 15.30 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2021, þann 5. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, drög að reglugerð um sjálfbæra nýtingu. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði lagt fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Hverahólmi: Minnisblað.

Oddviti kynnti minnisblað varðandi Hverahólma frá Lögmönnum Suðurlandi ehf sem unnið var í kjölfar af kauptilboði Álaugar ehf í 39,4% eignarhluta sveitarfélagsins í Hverahólmanum þar sem Gamla laugin rekur starfssemi. Á fundinn mætir Ólafur Björnsson, lögmaður og gerir grein fyrir þeim álitaefnum sem rakin eru í minnisblaðinu og verðmatsútreikningi KPMG. Sveitarstjórn tekur jákvætt í sölu á eignarhlutanum og felur sveitarstjóra og oddvita með lögmanni sveitarfélagsins að ræða við forsvarsmann Álaugar ehf um mögulegar útfærslur á samkomulagi milli aðila með vísan til þess sem fram kemur í framlögðu minnisblaði og verðmatsútreikningi KPMG.

2. Límtré Vírnet ehf.: Forkaupsréttur.

Oddviti kynnti erindi frá Límtré Vírnet ehf hvort sveitarfélagið vilji nýta sér forkaupsrétt að 500.000 hlutum að nafnvirði í Límtré Vírnet ehf. Sveitarstjórn fellur frá forkaupsrétti sínum.

3. Rangárbakkar ehf: Styrkbeiðni vegna fyrirhugaðs Landsmóts Hestamanna 2022.

Oddviti kynnti styrkbeiðni frá Rangárbökkum ehf. varðandi Landsmót Hestamanna 2022 að upphæð 500.000 kr. Sveitarstjórn hafnar beiðninni.

4. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs. Seinni umræða.

Oddviti kynnti breytingar á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi til seinni umræðu en þar er gert ráð fyrir að taka upp fjögurra tunnu flokkun í sveitarfélaginu. Breytingarnar hafa farið til umföllunar hjá umhverfisnefnd og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

5. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar.

Oddviti kynnti drög að leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í vinnu að breytingum á samþykktum sveitarfélagsins.

6. Sigurður Magnússon: Umsókn um styrk til efnagreiningar á jarðvegssýnum á Hrunamannafrétti.

Oddviti kynnti umsókn frá Sigurði Magnússyni um styrk til efnagreiningar á 40 jarðvegssýnum úr reitum við Heygil á Hrunamannafrétti sem nemur kr. 432 þús. Sveitarstjórn samþykkir beiðnina sem bókast á lið 1180.

7. Samband íslenskra sveitarfélaga: Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í íslenskum sveitarfélögum, stuðningsverkefni frá hausti 2021 til vors 2022.

Oddviti kynnti erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um styrk úr Jöfnunarsjóði til innleiðingar á heimsmarkmiðunum í sveitarfélögum. Sveitarstjórn samþykkir þátttöku í verkefninu. Sveitarstjórn tilnefnir Kolbrúnu Haraldsdóttur og Jón G. Valgeirsson sem sína fulltrúa í verkefninu.

8. **Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi: Beiðni um athugasemdir.**
Oddviti kynnti beiðni um umsagnir og athugasemdir við sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á suðvesturluta landsins. Málið hefur farið um umsagnar í umhverfisnefnd.
9. **Vegagerðin: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna byggingar nýrrar brúar á Stóru-Laxá með tilheyrandi vegagerð.**
Oddviti kynnti umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi vegna byggingar nýrrar brúar á Stóru-Laxá með tilheyrandi vegagerð. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að veita framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni.
10. **Refaveiði 2021.**
Oddviti kynnti skýrslu ráðinna refaveiðimanna um refaveiði fyrir síðasta starfsár. Sveitarstjórn þakkar veiðimönnum fyrir góða veiði og vinnu og felur sveitarstjóra að endurnýja samninga við sömu aðila.
11. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Húsnæðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni.**
Oddviti kynnti hugmynd sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur mótað og felur í sér að setja á fót húsnæðissjálfsseignarstofnun (hses.) er starfi á landsbyggðinni og vinni að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í þágu tekjulágra hópa á vinnumarkaði og þeirra hópa sem sveitarfélög bera sérstakar lagaskyldur gagnvart. Óskað var eftir því að sveitarstjórn taki afstöðu til hugmyndarinnar og upplýsi sambandið um hana fyrir lok október. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir að vera með.
12. **Árshátíð Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti árshátíð starfs- og nefndarfólks Hrunamannahrepps 2021 en ákveðið hefur verið að hún verði með þeim hætti að starfs- og nefndarfólki ásamt mökum verði boðið upp á jólahlaðborð á Hótel Geysi 26. nóvember nk.
13. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps 2021-2022: Tilnefningar.**
Oddviti kynnti tilnefningar í ungmennaráð Hrunamannahrepps fyrir starfsárið 2020-2021. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd skipaði í ungmennaráð Hrunamannahrepps. Þar eru skipuð sem aðalmenn þau Óskar Snorri Óskarsson til tveggja ára en Hjörný Karlsdóttir skipuð til eins árs. Til vara er Ragnheiður Guðjónsdóttir á seinna ári skipunar og Birgir Janusz Kuc skipaður til tveggja ára. Enn vantar einn aðalmann og einn varamann. Þá hefur félagsmiðstöðin Zero skipað sem fulltrúa sinn í ungmennaráðið Emil Vilbergsson og til vara Ásdísi Mjöll Benediktsdóttur. Einnig hefur nemendaráð Flúðaskóla skipað fulltrúa sinn í ráðið Önnu Katrínu Víðisdóttur og til vara Jón Valgeir Ragnarsson. Sveitarstjórn staðfestir skipun í ungmennaráð Hrunamannahrepps.
14. **Ungmennaráð Suðurlands: Tilnefning aðalmanns og varamanns til setu í Ungmennaráði Suðurlands.**
Oddviti kynnti beiðni frá Ungmennaráði Suðurlands um að sveitarfélagið tilnefni einn aðalmann og einn varamann til setu í Ungmennaráði Suðurlands. Sveitarstjórn skipar Óskar Snorra Óskarsson sem aðalmann og Hjörnýju Karlsdóttur til vara.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

15. **Öldungaráð: Fundargerð 26. fundar frá 30. ágúst s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 26. fundar öldungaráðs frá 30. ágúst s.l. Þar var farið yfir drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða eftir Halldór S. Guðmundsson. Farið var yfir þjónustu Hrunamannahrepps við aldraða og hvað fælist í félagslegum stuðningi. Þá var rædd fyrirhuguð ferð til Þorlákshafnar. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
16. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 14. fundar frá 5. september s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar lýðheilsu- og æskulýðsnefndar frá 5. september s.l. Þar var farið yfir skipulag á samstarfi nefndar og forstöðumans félagsmiðstöðvarinnar Zero og skipun í ungmennaráð 2021-2022. Þá var farið yfir drög af starfsáætlun félagsmiðstöðvarinnar Zero og rætt um að finna miðstigsbörnum frístundastað. Sveitarstjórn lýsir ánægju með starfsáætlun Zero. Varðandi frístundastað fyrir miðstigsbörn óskar sveitarstjórn eftir því að nefndin fundi með forsvarsmönnum stofnana sem gætu komið að málinu með mögulegar lausnir og kostnað við þær ásamt mögulegri þátttöku. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

17. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 20. fundar frá 20. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar landbúnaðarnefndar frá 20. september s.l. Þar var farið yfir kvörtun sem barst vegna utanvegaaksturs á Hrunamannafrétti sem átti sér stað við smalamennskur. Rætt var um fjallskilasamþykkt og ákveðið að halda fund með sauðfjárþæmdum. Þá var rætt um afnot Ferðaklúbbsins 4x4 af skálanum í Leppistungum og ákveðið að bjóða þeim áframhaldandi afnot af skálanum gegn vægu leigugjaldi. Sveitarstjórn ákveður að bjóða Suðurnesjadeild ferðaklúbbsins 4x4 afnot af skálanum Leppistungum í vetur gegn leigu að fjárhæð kr.300.000. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

18. Umhverfisnefnd: Fundargerð 17. fundar frá 29. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar umhverfisnefndar frá 29. september s.l. Þar var farið yfir niðurstöðu útboðs í sorphirðu og breytingar á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Þá var farið yfir sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi og almennar umræður um sorpmál Hrunamannahrepps. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

19. Fundargerð 223. fundar skipulagsnefndar frá 8. september s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 223. fundar skipulagsnefndar frá 8. september s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. september s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

Mál nr. 20. Mikluöldubotnar Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála að Mikluöldubotnum á Hrunamannafrétti til afgreiðslu eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 30 gesti. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn hefur kynnt sér umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma og að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 21. Efri-Kisubotnar Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála að Efri-Kisubotnum á Hrunamannafrétti til afgreiðslu eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um rúmlega 4 ha lóð og innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 m² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu og vatnsbóli. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið eftir auglýsingu. Sveitarstjórn hefur kynnt sér umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma og að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 22. Fosslækur Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála að Fosslæk á Hrunamannafrétti til afgreiðslu eftir auglýsingu. Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar á um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból og vatnsleiðsla frá því að húsunum. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið eftir auglýsingu. Sveitarstjórn hefur kynnt sér umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma og að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 23. Helgaskáli Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála vegna Helgaskála á Hrunamannafrétti til afgreiðslu eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 15 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Einnig er heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið eftir auglýsingu. Sveitarstjórn hefur kynnt sér umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma og að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 24. Svínárnes Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála að Svínárnesi á Hrunamannafrétti til afgreiðslu eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 9 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka/fjölga húsum fyrir gistingu, veitingasölu og vera með tjaldsvæði. Hámarks byggingamagn á svæðinu verður allt að 950 m². Heimilt er að vera með gistingu fyrir 85 gesti. Gert er grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Umsagnir

og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið eftir auglýsingu. Sveitarstjórn hefur kynnt sér umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma og að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 25. Grákollur Hrunamannaafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála að Grákolli á Hrunamannaafrétti til afgreiðslu eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 m² hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið eftir auglýsingu. Sveitarstjórn hefur kynnt sér umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma og að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 26. Leppistungur Hrunamannaafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála. Lagt er fram deiliskipulag fjallaskála að Leppistungum á Hrunamannaafrétti til afgreiðslu eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til um 5 ha svæðis. Á staðnum er 70 m² hús sem byggt var árið 1987. Einnig er þar gamalt leitarmannahús. Þessi hús eru notuð sem leitarmannahús og fyrir ferðafólk á sumrin. Einnig er á staðnum 36 m² hesthús og hestagerði við það. Gisting er fyrir um 24 gesti. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannaafrétt. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Starfsemi er aðallega yfir sumartímamann. Innan lóðar/afmörkunar svæðis eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból. Heimilt verður að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 m² og byggja nýtt hús allt að 100 m². Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 m². Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið eftir auglýsingu. Sveitarstjórn hefur kynnt sér umsagnir

og athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma og að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 27. Heiðará Hrunamannafrétti: Fjallaskáli, deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fjallaskála að Heiðará á Hrunamannafrétti til afgreiðslu eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 7 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Staðurinn er hugsaður sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Ekki er gisting á staðnum. Heimilaðar eru endurbætur/viðhald á núverandi mannvirki. Þá er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið eftir auglýsingu. Sveitarstjórn hefur kynnt sér umsagnir og athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma og að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins með fullnægjandi hætti þar sem við á innan framlagðra skipulagsgagna. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Mál nr. 28. Haukholt 2: Umsókn um byggingarleyfi, íbúðarhús.

Lögð var fram umsókn Gríms V. Magnússonar fyrir hönd Jón Þ. Oddleifssonar, móttekin 22.08.2021, um byggingarleyfi til að byggja 197,3 m² íbúðarhús með millilofti á jörðinni Haukholt 2 L166759 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU telur að svo umfangsmikil framkvæmd á óröskuðu svæði utan núverandi bæjarstæðis sé háð gerð deiliskipulags. Innan tillögu deiliskipulags skal gera grein fyrir umsóttum byggingaráformum auk hugsanlegra framtíðar byggingarheimilda innan svæðisins. Að auki þarf m.a. að gera grein fyrir aðkomu og tenginu við þjóðveg, skráningu fornleifa, vatnsöflun, fráveitumálum og umhverfisáhrifum vegna framkvæmda á svæðinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur að svo umfangsmikil framkvæmd á óröskuðu svæði utan núverandi bæjarstæðis sé háð gerð deiliskipulags. Innan tillögu deiliskipulags skal gera grein fyrir umsóttum byggingaráformum auk hugsanlegra framtíðar byggingarheimilda innan svæðisins. Að auki þarf m.a. að gera grein fyrir aðkomu og tenginu við þjóðveg, skráningu fornleifa, vatnsöflun, fráveitumálum og umhverfisáhrifum vegna framkvæmda á svæðinu.

Mál nr. 29. Skollagróf: Efnistaka, aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna skilgreiningar á efnistökusvæði í landi Skollagrófar L166828. Innan tillögu er gert ráð fyrir 2 ha efnistökusvæði með heimild til að vinna allt að 40.000 m³ af efni og haugsetja samsvarandi magn af jarðvegi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 34. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. september s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. september s.l.

20. Fundargerð 224. fundar skipulagsnefndar frá 22. september s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 224. fundar skipulagsnefndar frá 22. september s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. september s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

Mál nr. 16. Hlíð 1: Breytt afmörkun frístundasvæðis, aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps og deiliskipulagi frístundasvæðis að Hlíð. Í breyttu aðalskipulagi verður afmörkun frístundasvæðisins F1 yfirfarin m.t.t. lóða í nýju deiliskipulagi og heimilaðar verða minni frístundalóðir en almennt er gert ráð fyrir í aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Einnig verður afmarkað allt að 120 ha landbúnaðarland í landgræðslu- og skógræktarsvæði. Í gildi er deiliskipulag fyrir hluta jarðarinnar, staðfest árið 1995, þar er gert ráð fyrir 5 sumarhúsum. Deiliskipulagið verður fellt úr gildi við gildistöku nýs skipulags. Í nýju deiliskipulagi verður gerð grein fyrir núverandi frístundahúsum en sex hús hafa verið byggð á jörðinni, afmarkaðar verða lóðir fyrir núverandi hús og lóðum fjölgað. Gert er ráð fyrir allt að 20 lóðum á svæðinu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 17. Hlíð spilda 1: Frístundarsvæði, endurskoðað deiliskipulag.

Lögð var fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps og deiliskipulagi frístundasvæðis að Hlíð. Í breyttu aðalskipulagi verður afmörkun frístundasvæðisins F1 yfirfarin m.t.t. lóða í nýju deiliskipulagi og heimilaðar verða minni frístundalóðir en almennt er gert ráð fyrir í aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Einnig verður afmarkað allt að 120 ha landbúnaðarland í landgræðslu- og skógræktarsvæði. Í gildi er deiliskipulag fyrir hluta jarðarinnar, staðfest árið 1995, þar sem gert er ráð fyrir 5 sumarhúsum. Deiliskipulagið verður fellt úr gildi við gildistöku nýs skipulags. Í nýju deiliskipulagi verður gerð grein fyrir núverandi frístundahúsum en sex hús hafa verið byggð á jörðinni, afmarkaðar verða lóðir fyrir núverandi hús og lóðum fjölgað. Gert er ráð fyrir allt að 20 lóðum á svæðinu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 19. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. september s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. september s.l.

21. Stjórn UTU bs. Fundargerð 88. fundar stjórnar frá 8. september 2021.

Oddviti kynnti fundargerð 88. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um breytingar á samþykktum UTU og starfsmannamál. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

22. Stjórn UTU bs. Fundargerð 89. fundar stjórnar frá 22. september 2021.

Mál nr. 1. Breytingar á samþykktum UTU.

Oddviti kynnti fundargerð 89. fundar stjórnar UTU bs. Þar var fjallað um breytingar á samþykktum UTU, starfsmannamál og aðalfund UTU bs. 2021. Sveitarstjórn samþykkir breytingar á samþykktum UTU bs. og felur oddvita að undirrita þær. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

23. Oddvitanefnd Uppsveita Árnassýslu: Fundargerð 8. fundar Oddvitanefndar frá 6. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð Oddvitanefndar Uppsveita Árnassýslu frá 6. maí s.l. Farið var yfir erindi frá Verndarsjóði Skálholtsdómkirkju þar sem óskað er eftir fjárstuðningi frá Laugaráslæknishéraði til ýmissa viðhaldsverkefna. Þá var farið yfir beiðni frá verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags um kostnaðarþáttöku í þróun á hreyfivæði við Heilsugæsluna í Laugarási. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

24. **NOS: Fundargerð stjórnar frá 31. ágúst s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð stjórnar NOS frá 31. ágúst s.l. Þar var farið yfir úttekt á starfsemi skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
25. **NOS: Fundargerð stjórnar frá 13. september s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð stjórnar NOS frá 13. september s.l. Þar var farið yfir ársreikning 2020, ákvörðun um aðalfund, bréf frá Rétti ehf (trúnaðarmál), forstöðumaður fór yfir starfið framundan, undirbúning að gerð fjárhagsáætlunar 2022, og stöðu úttektar á SVÁ. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
26. **Fundargerð fundar um endurskoðun fjallskilasamþykktar fyrir Árneshvíslu austan vatna frá 9. september s.l.**
Oddviti lagði fram fundargerð fundar um endurskoðun fjallskilasamþykktar fyrir Árneshvíslu austan vatna frá 9. september s.l. Farið var yfir tillögur að breytingum. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál:

27. **Reglugerð um sjálfbæra nýtingu.**
Oddviti kynnti drög að reglugerð um sjálfbæra nýtingu sem liggur inn í samráðsgátt til kynningar. Sveitarstjórn vísar málinu til umfjöllunar í landbúnaðar- og umhverfisnefnd og umsögn unnin í samráði við nefndirnar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **SASS: Fundargerð 572. fundar stjórnar frá 3. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 213. fundar frá 27. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 304. fundar stjórnar frá 24. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 305. fundar stjórnar frá 21. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Bergisinn bs. Fundargerð 29. fundar stjórnar frá 9. apríl s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Bergisinn bs. Fundargerð 30. fundar stjórnar frá 7. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Bergisinn bs. Fundargerð 31. fundar stjórnar frá 15. júlí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Héraðsnefnd Árneshvíla: Fundargerð 33. fundar framkvæmdastjórnar frá 7. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- i. **Brunavarnir Árneshvíslu: Fundargerð 16. fundar stjórnar frá 12. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **Brunavarnir Árneshvíslu: Fundargerð 17. fundar stjórnar frá 17. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- k. **Brunavarnir Árneshvíslu: Fundargerð 18. fundar stjórnar frá 3. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **Brunavarnir Árneshvíslu: fundargerð 19. fundar stjórnar frá 23. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 7. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 2. fundar stjórnar frá 14. júní s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð aðalfundar frá 12. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- p. **Tónlistarskóli Árneshvíla: Fundargerð 200. fundar stjórnar frá 1. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- q. **Kópsvatn–Garðastígur. Verkfundargerð 2-3. fundar.**
Lagt fram til kynningar.

- r. **Gröf gatnagerð. Verkfundargerð 11-12. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- s. **Hringtorg gatnagerð. Verkfundargerð 9-10. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- t. **Miðlunargeymir Berghylsfjalli. Verkfundargerð 4-6. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- u. **Úthlutun úr Námsgagnasjóði skólaárið 2021-2022.**
Lagt fram til kynningar.
- v. **Vegagerðin: Tilkyning um fyrirhugaða niðurfellingu Hólakotsvegur (3413-02) í Hrunamannahreppi af vegaskrá.**
Lagt fram til kynningar.
- w. **Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Bókun vegna höfnunar á styrk vegna seyruverkefnisins.**
Lagt fram til kynningar.
- x. **Héraðsskjalasafn Árnesinga: Skýrsla vegna rafrænnar eftirlitskönnunar á skjalavörslu og skjalahaldi sveitarfélaga og stofnana þeirra sem eru skilaskyldar með skjöl sín á Héraðsskjalasafnið.**
Lagt fram til kynningar.
- y. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 900. fundar stjórnar frá 26. ágúst s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- z. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 901. fundar stjórnar frá 24. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- aa. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Innleiðing laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.**
Lagt fram til kynningar.
- bb. **Golfklúbburinn Flúðir: Uppgjör 2020.**
Lagt fram til kynningar.
- cc. **Bernarsamningurinn um vernd villtra plantna, dýra og lífssvæða þeirra.**
Lagt fram til kynningar.
- dd. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Tækniskýrsla um leiðir til þess að efla og varðveita líffræðilega fjölbreytni í og við borgir og bæi.**
Lagt fram til kynningar.
- ee. **UTU bs.: Tilkyningar um afgreiðslur mála Hrunamannahrepps frá UTU.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- ff. **Minni sveitarfélög 6. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- gg. **Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 6. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- hh. **Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna 7-8. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- ii. **Aðalfundur NOS 13. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- jj. **Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 2021 14. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- kk. **Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga 25. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- ll. **Árþing SASS 28-29. október n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi sliti ð kl. 18:30.